



2. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2021, MIÐVIKUDAGINN 8. SEPT. KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum

Umsóknum vísað til kennslustjóra í íþróttum.

C. Önnur bréf

Þrjár umsóknir um stöðupróf í erlendum tungumálum – vísað til kennslustjóra .

Beiðni um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs – vísað til skólameistara.

Undanþágubeiðni frá þriðja tungumáli frá síðasta fundi hafnað.

Ósk frá síðasta fundi um endurskoðun á lokaeinkunn í áfanga vor 2021 hafnað.

Tillaga að breytingum á skólareglum lögð fram til skoðunar fyrir næsta fund.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Nýnemavika í síðustu viku gekk vel og mæltist vel fyrir. Nýnemaferð verður farin til Stokkseyrar í þessari viku og er hópurinn tvískiptur vegna Covid reglna. Stefnt er á að fara með nemendur fædda 2004 í ferð fljótlega þar sem engin nýnemaferð var farin síðasta haust. Stjórn NFFG er með góða dagskrá fyrir skólaárið og vonandi gengur vel að fá leyfi fyrir sem flestum viðburðum. Stjórnin mun ausa hafragraut í næstu viku og bjóða upp á ýmislegt góðgæti út á hann.

3. Önnur mál

Bílastæðafjöldi við skólann var til umræðu og ljóst að bílar eru fleiri en stæðin sem standa til boða.

Fundinn sátu:

Auður sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Helgi Már Herbertsson, fulltrú NFFG

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Kristófer Breki Halldórsson, fulltrú NFFG

Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir, kennari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi